

35. gr.

Um brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar fer eftir fyrirætlum XI. kafla lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963.

Ráðherra getur afturkallað leyfi til starfsemi samkvæmt reglugerð þessari, ef ákvæði reglugerðar þessarar eru ekki haldin eða um er að ræða mikla og endurtekna vanrækslu í sambandi við meðferð eða sölu lyfjanna.

Hafi lyfjaheildsala, þegar reglugerð þessi tekur gildi, ekki í þjónustu sinni mann, sem fullnægir ákvæðum 19. greinar, sbr. 6. grein, reglugerðarinnar, er ráðherra heimilt að setja viðkomandi lyfjaheildsölu tímabundinn frest, allt að 5 árum, til þess að fullnægja ákvæðum reglugerðarinnar að þessu leyti.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lyfsölulögum nr. 30 29. apríl 1963, öðlast gildi 1. janúar 1971.

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. desember 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Páll Sigurðsson.

28. desember 1970.

Nr. 290.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóhönnu Sigurjónsdóttur frá Saurbæ, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. desember 1970.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóhönnu Sigurjónsdóttur frá Saurbæ.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jóhönnu Sigurjónsdóttur frá Saurbæ.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Kvenfélaginu Bergþóru í Ölfusi til minningar um Jóhönnu Sigurjónsdóttur frá Saurbæ í Ölfusi með minningargjöf að fjárhæð kr. 10 000.00.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla sönglíf í Ölfusi og Hveragerði.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í sparisjóðsdeild Búnaðarbanka Íslands, útibúinu í Hveragerði.

5. gr.

Heimilt er að verja öllum árstekjum sjóðsins eftir tilgangi hans, og einnig má skerða höfuðstólinn, ef tekjum eða hluta tekna eins eða fleiri ára hefur verið bætt við hann. Aldrei má þó skerða höfuðstólinn meir en svo, að eftir standi kr. 10 000.00.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Skal einn tilnefndur af Kvenfélaginu Bergþóru en tveir af Kirkjukór Kotstrandar- og Hveragerðissókna.

7. gr.

Endurskoðendur skulu tilnefndir af Kvenfélaginu Bergþóru og Kirkjukór Kotstrandar- og Hveragerðissókna. Tilnefnir hvor aðili sinn endurskoðandann.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð frú Dönu Jóhannesdóttur frá Sæborg, Ólafsfirði, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 30. desember 1970.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð frú Dönu Jóhannesdóttur frá Sæborg, Ólafsfirði.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður hinn 12. nóvember 1970 í tilefni af því að þá er 50 ára hjúskaparafmæli frú Dönu Jóhannesdóttur og Jóns Kr. Björnssonar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 20 000.00 og er það lagt fram af eiginmanni frú Dönu Jóhannesdóttur, Jóni Kr. Björnssyni og börnum þeirra.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Sparisjóði Ólafsfjarðar eða á annan tryggilegan hátt að mati sjóðsstjórnarinnar.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja Elliheimili Ólafsfjarðar til kaupa á lækningatækjum eða öðru því, sem stjórn sjóðsins telur mesta nauðsyn á, á hverjum tíma.

Óheimilt er að nota fé sjóðsins til rekstrar þessarar stofnunar.

4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

5. gr.

Sjóðurinn veitir viðtöku minningagjöfum og öðrum gjöfum.

Sérstök þar til gerð bók, skal liggja frammi í Elliheimili Ólafsfjarðar, og má færa í hana stutt æviágrip þeirra, sem minningagjafir eru gefnar um og skulu gefendur annast ritun þeirra.

6. gr.

Úthlutun úr sjóðnum skal í fyrsta sinn ekki fara fram fyrr en höfuðstóll hans er orðinn kr. 50 000.00, en þá má veita úr honum þá upphæð, sem umfram er kr. 20 000.00.